

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag Vestmannaeyja Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	20.6.2014	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Ísfélag Vestmannaeyja	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Heimili	Strandvegi 29	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660169-1219	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Scheving	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	436690,981 326978,971

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Unnið er að nýju starfsleyfi en verksmiðjan starfar á undanþágu frá starfsleyfi þar sem farið er eftir skilyrðum í tillögu að nýju starfsleyfi. Undanþága frá starfsleyfi rennur út 1.júlí 2014.

Í eftirlitinu komu fram tvö frávik frá starfsleyfi vegna frárennismælinga og brennslu úrgangsolíu en auk þess var ein athugasemd gerð við að grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað.

Almennt var snyrtilegt um að lítast í verksmiðjunni og á verksmiðjuólóðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið byrjaði á eftirlitsfundi og svo var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna en vinnsla var ekki hafin í verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram. Vinnsla framan af ári hefur verið af mjög skornum skammti.

Byrjað var á að ræða starfsleyfi í vinnslu og þau gögn sem rekstraraðila ber að standa skil á áður en starfsleyfi verður gefið út.

Þá var rætt um frárennsli og mælingar á því sem skila átti fyrir 1.maí sl. en ekki var unnt að gera frárennismælingar þar sem að lítil framleiðsla hefur verið í verksmiðjunni framan af ári. Viðbótarmælingar voru gerðar í apríl 2013 þar sem að brugðist var við athugasemdunum úr síðasta eftirliti (janúar 2013). Ráðist var í endurbætur á hreinsibúnaði á frárennsli í verksmiðjunni á liðnu ári. Þrefalt síukerfi hreinsar helstu agnir úr frárennslinu og svo er fita og svif hreinsað með fleytingu og botnfellingu. Ekki er búið að gera frárennismælingar eftir að nýi hreinsibúnaðurinn var tekin í notkun.

Þá var farið yfir gagnaskil skv. tillögu að starfsleyfi.

Hreinlætisáætlun er í gæðahandbók fyrirtækisins þar sem að tekið er á þrifum á gólfum og rýmum verksmiðjunnar og þrifum á tækjum. Bæði er fjallað um dagleg þrif og þrif að lokinni vertíð.

Eftirlitsaðili óskaði eftir að TVN skráningum yrði skilað til eftirlitsaðila að lokinni hverri vertíð og yrðu þær birtar á vefsetri stofnunarinnar.

Rekstraraðili skal auk þess standa skil á mælingum á ryki frá olíubrennurum fyrir árslok 2014 og setja sér umhverfismarkmið fyrir 1.júní 2014. Mælingar á útblásturshraða og hávaða skal gera fyrir árslok 2015 og niðurstöðum á heildarúttekt frárennslis skal skila fyrir 1.maí 2016.

Þá var farið yfir skráningar skv grein 3.1 í tillögu að starfsleyfi.

Haldið er utan um viðhaldsskráningar í hverri einingu verksmiðjunnar.

TVN Skráningum hefur verið skilað til eftirlitsaðila og hafa þær verið undir starfsleyfismörkum.

Minnt var á að rekstraraðila ber að tilkynna eftirlitsaðila hafi verksmiðjan legið lengur niður en í mánuð (upphaf vertíðar) og ef TVN mælist yfir 100 mgN/100g.

Verksmiðjan er keyrð á olíukötlum og hefur rekstraraðili notað úrgangsolíu (verksmiðjuolíu) á þá frá september sl.

Að loknum fundi var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna. Einungis var verið að vinna að flokkun hráefnis þegar eftirlitið fór fram. Almennt var mjög snyrtilegt um að lítast í verksmiðjunni og á lóðinni.

Frávik frá

Reglugerð 739/2003

Lýsing á fráviki

Verksmiðjuólía (úrgangsolía) er notuð á olíukatla en rekstraraðili hefur ekki heimild í starfsleyfi til að brenna henni.

Grein 2.17 í tillögu að starfsleyfi

Fita, COD og Svifagnir mældust verulega yfir starfsleyfismörkum í frárennismælingum sem framkvæmdar voru í apríl 2013. Gagngerar endurbætur voru gerðar á hreinsibúnaði frárennslisins á liðnu ári en ekki liggja fyrir mælingar sem sannreyna viðunandi virkni hreinsibúnaðarins.

ATHUGASEMDIR

Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar en frestur til skila rann út sama dag og eftirlitið fór fram (sbr. bréf um áform um áminningu sem send voru 5.júní sl.)

ANNAÐ

Farið var yfir þau gögn sem rekstraraðila ber að skila til Umhverfisstofnunar til samþykktar áður en nýtt starfsleyfi verður gefið út.

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar skv grein 1.5 í tillögu að starfsleyfi; Rekstraraðili vísaði í þrifáætlun í gæðahandbók þar sem að m.a. er fjallað um þrif að lokinni vertíð (tímabundin rekstrarstöðvun). Áætlun vegna rekstrarstöðvunar skal taka á bæði tímabundinni og varanlegri rekstrarstöðvun.

Trygging vegna bráðamengunar skv grein 4.6 í tillögu að starfsleyfi liggur ekki fyrir.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar skv grein 4.4 í tillögu að starfsleyfi voru send eftirlitsaðila að loknu eftirliti og á Umhverfisstofnun eftir að taka afstöðu til hennar.

Rætt var um heildarúttekt á frárennsli skv grein 5.2 í starfsleyfi. Minnt var á að mælingar skal gera á öllum tegundum bræðslufisks sem tekinn er til vinnslu í verksmiðjunni. og gera bæði grein fyrir vetrar og sumarvinnslu. Á grundvelli mælinganna skal meta heildarlosun lífrænna efna frá verksmiðjunni þannig að áhrif á umhverfið og hugsanlegt verðmætatap liggja fyrir.

Niðurstöðum úttektarinnar skal skila fyrir 1.maí 2016.

Reykjavík, 11.08.2014



Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.